

Nd.

17. Frumvarp til laga

[17. mál]

um breyting á áfengislögum, nr. 58 24. apríl 1954.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963.)

1. gr.

Í stað 1. mgr. 16. gr. laganna komi nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:
Áfengi má ekki afhenda né veita neinum, sem er bersýnilega ölváður.
Óheimilt er að selja þeim manni áfengi, er sekur hefur gerzt um óleyfilega sölu eða bruggun áfengis.

Yngri mönnum en 21 árs má ekki veita eða afhenda áfengi með nokkrum hætti.

Kaupandi áfengis skal jafnan sanna aldur sinn með vegabréfi eða á annan fullnægjandi hátt.

2. gr.

Á eftir 19. gr. laganna komi ný grein, er verði 19. gr. a, er hljóði svo:
Ökumenn leigubifreiða og annarra almenningsbifreiða er bannað að taka ölvuð ungmenni yngri en 21 árs til flutnings í bifreiðum sínum eða leyfa þeim áfengisneyzlu þar. Þó skal heimilt að flytja slík ungmenni án tafar til heimila þeirra.

3. gr.

Við 20. gr. laganna bætist tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:
Bannað er að bera með sér áfengi inn á veitingastað, annað en það sem þangað er flutt til heimilla veitinga.

Ungmönnum, 18 ára eða yngri, er óheimil dvöl eftir kl. 8 að kvöldi á veitingastað, þar sem vínveitingar eru leyfðar, nema í fylgd með forráðamönnum sínum.

4. gr.

Sektarákvæði í 39. gr. laganna breytist þannig, að í stað „800—8000“ komi: 1500—15000 og í stað „1600—20000“ komi: 3000—30000.

5. gr.

41. gr. laganna orðist svo:
Brot gegn ákvæðum 16. gr. varða sektum frá 100—2000 kr., nema annað sé ákveðið hér á eftir.

Sala eða veitingar áfengis til ungmenna yngri en 21 árs varða sektum frá 400—4000 kr.

Áfengi, sem ungmenni yngri en 21 árs hafa undir höndum, skal gert upptækt.

6. gr.

Við 42. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Brot gegn 19. gr. a varða sektum frá 400—4000 kr.

7. gr.

Við 43. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:
Brot gegn 3. mgr. 20. gr. varðar sektum frá 400—4000 kr. Áfengi, sem borið er ólöglega inn á veitingastað, skal gert upptækt.
Brot gegn 4. mgr. 20. gr. varðar áminningu eða sektum frá 100—500 kr.

8. gr.

44. gr. laganna orðist svo:
Brot gegn 21. gr. varða sektum frá 400—4000 kr., nema þyngri refsing liggja við að öðrum lögum.
Áfengi í vörzlu þeirra, sem brotlegir gerast samkvæmt þessari grein, skal gert upptækt.

9. gr.

Sektarákvæði í 45. gr. laganna breytist þannig, að í stað „400—2000“ komi: 600—3000 og í stað „800—4000“ komi: 1200—6000.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið á vegum dómsmálaráðuneytisins á grundvelli tillagna, sem fram koma í álitserð nefndar, sem skipuð var af menntamálaráðherra í júnímánuði s. l. í samráði við dómsmálaráðuneytið, í tilefni atburða, sem gerðust í sambandi við ferðir æskufólks í Þjórsárdal um hvítasunnuhelgina 1963. — Nefndina skipuðu Sigurjón Sigurðsson, lögreglustjóri, Simon Jóh. Ágústsson, prófessor, og Ólafur Jónsson, formaður barnaverndarnefndar Reykjavíkur.

Í umræddum tillögum er gert ráð fyrir, að endurskoðun þurfi að fara fram á nokkrum ákvæðum laga og reglugerða. — Þær ábendingar um endurskoðun áfengislaga, sem fram koma í tillögunum, eru að mestu teknar til greina í ákvæðum lagafrumvarps þessa og varða einkum ákvæði, sem stuðlað gætu að því, að koma í veg fyrir áfengisneyzlu ungmenna. Má sérstaklega benda á ákvæði 1. gr., sem bannar hvers konar afhendingu áfengis til ungmenna og bindur viðurlögum. Enn fremur bann 2. gr. við flutning leigubifreiða á ölvuðum ungmennum og bann við dvöl ungmenna á vínveitingastað að kvöldlagi, svo og ákvæði um upptöku áfengis í vörzlu ungmenna og í vörzlu ölvaðra manna, svo og áfengis, sem reynt er að flytja inn á veitingastað. — Loks er hert á nokkrum sektaákvæðum. Erfitt hefur reynt um framkvæmd á hinum almennu aldursmörkum áfengislaganna um sérreglur fyrir ungmenni, þ. e. 21 árs aldurinn. Ekki felast í þessu frumvarpi tillögur um breytingar á því aldursmarki. Í einu nýju bannákvæði frumvarpsins, sbr. síðari hluta 3. gr., er þó miðað við lægra aldursmark.

Aðrar tillögur nefndarinnar um endurskoðun gildandi ákvæða, sem undir dómsmálaráðuneytið heyra, varða breytingar á ýmsum reglugerðum eða setningu reglna, sem unnt er að koma fram án þess að lagabreytingar þurfi til. Þá má geta þess, að veigamestu ráðstafanirnar, sem bent er á í tillögunum, um útgáfu persónuskilríkja til ungmenna á tileknum aldri, eru þegar í undirbúningi að tilhlutan dómsmálaráðuneytisins.

Varðandi einstakar greinar frumvarpsins skulu gerðar eftirfarandi athugasemdir:

Um 1. gr.

Efni greinarinnar er að mestu hið sama og í 1. mgr. 16. gr. gildandi laga, en skipt í aðskildar málsgreinar. Með orðalagi 3. málsgreinar er ákvæðum breytt þannig frá gildandi lögum, að tekin eru af öll tvímæli um að hvers konar afhending á áfengi til ungmenna er óheimil, sbr. og upptökuákvæði 5. gr.

Um 2. gr.

Svo sem kunnugt er, er áfengisneyzla ungmenna allmjög tengd bifreiðaakstri. Ákvæði þessarar greinar er ætlað að draga úr þeim þætti í áfengisnotkun æskumanna. Segja má að fyrirvarinn um heimilan akstur ölvæðra ungmenna til heimila þeirra gæti dregið úr áhrifum ákvæðisins vegna sönnunarörðugleika. Þess verður þó að vænta, að krafizt verði, að gildar líkur séu fyrir sennileika þess, að þær aðstæður séu fyrir hendi, en ekki þykir fært að torvelda flutning ungmenna til heimila sinna við þessar aðstæður.

Um 3. gr.

Vitað er, að ólögleg áfengisneyzla á veitingastöðum, sem ekki hafa leyfi til áfengisveitinga, er mjög til að spilla skemmtanalífi æskufólks. Skort hefur ákvæði um upptöku áfengis er þannig stendur á, sbr. hér 7. gr. frv.

Þrátt fyrir ákvæði frumvarps þessa og gildandi laga um bann við veitingar og afhendingu áfengis til ungmenna, er vitað, að torvelt mun að koma í veg fyrir áfengisneyzlu þeirra á veitingastöðum, þar sem áfengisveitingar eru leyfðar, og þykir því óhjákvæmilegt að banna ungmennum dvöl á slíkum veitingastöðum að kvöldlagi. Nærveru forráðamanna þeirra má telja næga tryggingu þess, að ekki séu brotin lagaákvæði um áfengisneyzlu.

Um 4. gr.—10. gr.

Í þessum greinum er hert á ýmsum sektaákvæðum og jafnframt sett upptökuákvæði, sem áður er getið.